

SKÓLANEFND STYKKISHÓLMS

143. fundur. Haldinn fimmtudaginn 26.nóvember kl. 16:30 í Leikskóla Stykkishólms

Nefndarmenn: Ásmundur Guðmundsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jón Einar Jónsson ritari, Magda Kulinska. Fjarverandi: Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir.

Skólastjórar og trúnaðarmenn: Berglind Axelsdóttir (aðstoðarskólameistari GSS, skólastjóri í fjarveru Gunnars Svanlaugssonar), Sigrún Þorsteinsdóttir (skólastjóri LSS), Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir (fulltrúi starfsfólks GSS), Sólbjört Gestsdóttir (fulltrúi starfsfólks LSS).

Áheyrnarfulltrúar foreldrafélaga: María Jónasdóttir “Mæsa” fulltrúi foreldra LSS og Lára Björg Björgvinsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskólans.

Formaður setti fund kl. 16:30

Dagskrárliðir

Frá Leikskóla Stykkishólms (16:30-17:05)

1. Foreldraviðtölum er lokið á öllum deildum og þau gengu mjög vel.
2. Menntaþinginu okkar (Í Klifi Ólafsvík 2. nóvember, sjá einnig punkta grunnskólans fyrir ofan) lokið og við vorum mjög ánægðar með það sem fjallað var um þar. Margt mjög gott og gagnlegt sem kom fram í þeim erindum.
3. Við fengum kynningu á Pecs – málörvunarkerfinu var það Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir þroskaþjálfari sem sá um það. Það málörvunarkerfi hentar mjög vel með börnum sem hafa ekkert eða lítið mál og við hugsum það m.a. fyrir yngstu tvítyngdu börnin okkar en þau skortir stundum orðaforða. Gunnsteinn Sigurðsson, þroskaþjálfari kom einnig og var með örnámskeið í TMT fyrir yngstu deildina. Kerfið byggir á tengingu við myndir af hlutum og fyrirbærum, til að örva frumkvæði að því að biðja um hluti þannig að orð komi með réttri mynd.
4. Sálfræðingur og talmeinafræðingur komu til okkar í nóvember og koma aðra ferð í desember. Mörg börn þurfa að komast að hjá Elmari og var þetta aukaferð hjá honum. Oft nægir þó 1-2 heimsókn fyrir hvert barn.
5. Á degi íslenskrar tungu komu í heimsókn börn úr 1. bekk og 5. bekk með frumsamið leikrit, það var mjög skemmtilegt að fá þau í heimsókn.

6. Svo fengum við mjög skemmtilega heimsókn frá Gítarskóla LP, það voru þrír gítarleikarar sem spiluðu fyrir okkur.
7. Fimmtudag 19. nóvember kom Ingvar Sigurgeirsson í heimsókn og fundaði með nokkrum kennurum leikskólans í sambandi við skólastefnu vinnu sem stendur yfir. Sú vinna er á stigi upplýsingaöflunar, þ.e. Ingvar fundar með fólki og hefur hitt hvorn skóla einu sinni.
8. Aðalfundur foreldrafélagsins var fimmtudaginn 18. nóvember þar var kosin ný stjórn foreldrafélagsins og einnig var í fyrsta skipti kosið í sérstakt foreldraráð. Stjórn foreldrafélagsins skipa:
Þórný Alda Baldursdóttir, Agnes Helga Sigurðardóttir, María Kúld, María Jónasdóttir og Sunna Guðný Högnadóttir. Fulltrúi starfsmanna í foreldrafélaginu er Elísabet Lára Björgvinsdóttir?
Í foreldraráði eru: Ingunn Sif Höskuldsdóttir, Guðrún Harpa Gunnarsdóttir og Edda Baldursdóttir, ásamt leikskólastjóra.
9. Svo er komið að hefðbundnum desember með jólaföndri foreldrafélagsins 1. 2. og 3. desember, kirkjuferð með grunn – og tónlistarskóla 9. desember, litlu jólunum 17. desember og öðrum hefðum eins og heimsókn frá tónlistarskóla, ferð í norska húsið o.fl.

Sigrún Þórsteinsdóttir

JEJ spyr um biðlistamál. Tvö börn fædd 2014 eru núna á biðlista. Í mars 2016 ná 3 börn 1 árs aldri og verða þar með á biðlista frá og með þeim tímapunkti. Vonast er til að greiðist úr málum sumarið 2016. Það koma 15 börn inn næsta haust og verða leikskólabörnin skv. því 62 talsins í ágúst miðað við stöðuna eins og hún er núna, þ.e. þegar 2010 árgangurinn færist upp í grunnskólann. Starfsmenn leikskóla minna á innritunarreglur leikskólans, sem segja að aðlagð sé inn í ágúst-september eða maí-júní, einnig í janúar ef pláss leyfir.

HH biður Sigrúnu að útskýra fyrir nefndinni hver sé munurinn á foreldraráði og foreldrafélagi. Leikskólastjóri situr í því fyrnefnda, sem hittist reglulega og fer yfir innra starf: s.s. skólahandbók, dagatal og starfsáætlun og getur líka rætt þar praktísk mál s.s. biðlista. Foreldrafélagið er meira félagslegs eðlis, skipuleggur ferðir og jólaföndur og slíka viðburði.

Frá Grunnskóla Stykkishólms: 16:05-17:50

1. Starfsþróunaráætlun var lögð fram á fundinum. Lögbundið verkefni grunnskóla. Snýr að símenntun og endurmenntun starfsfólks. Þetta skjal má

núna finna á heimasíðu skólans, þ.e.

<http://www.stykkisholmur.is/grunnskolin/skolinn/starfsthrounaraetlun/>

2. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa liggja fyrir. Staða Stykkishólms gagnvart landsmeðaltali liggur ekki fyrir að svo stöddu. 7. Bekkur kom nokkuð vel út en 10. bekk (fá einkunn í ABCD) gekk upp og ofan. Sigrún spyr um skölun einkunna, en sú vinna stendur yfir.
3. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins liggja einnig fyrir. 40 nemendur úr 6.-10 bekk svöruðu þessari könnun rafrænt. Niðurstöður verða kynntar nefndinni síðar en þær fjalla um líðan nemenda og hug þeirra gagnvart námi.
4. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi hittust á fundi hjá okkur þriðjudaginn 5. nóvember. Þar voru ýmis mál skólanna rædd.
5. Við fengum heimsókn frá kennurum og skólastjóra Reykhólaskóla þann 9. nóvember. Þau fengu kynningu á læsisstefnu skólans og skólanum almennt.
6. Opinn dagur síðasta föstudag heppnaðist vel. Hann var haldinn í tilefni Dags íslenskrar tungu. Ákveðið var að hafa hann á föstudegi þegar væri söngsalur. Einnig voru bekkjasáttmálar til sýnis í stofum hvers bekkjar.
7. Við vorum mjög sátt við Menntaþing Snæfellinga sem haldið var þann 2. nóvember. Mjög brýnt að fjalla um málefni innflytjenda.
8. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindadeild HÍ var hjá okkur miðvikudag, fimmtudag og föstudag vegna nýrrar skólastefnu. Hann hitti nema í vettvangsnámi hjá okkur. Einnig var hann með vinnufund með kennurum og hitti nemendur í 6. – 10. bekk á rýnifundum.
9. Sl. miðvikudag (25. nóvember) var starfsdagur helgaður foreldraviðtölum. Við vorum með þá nýbreytni núna að foreldrum nemenda í 8. – 10. bekk var boðið að hitta alla kennara sem koma að þeirra börnum. Sennilega er betra að vera með ákveðna daga, þar sem að biðraðir mynduðust á köflum.
10. Föstudaginn næsta verður öllum nemendum og starfsfólki boðið á tónleika Lúðrasveitar Stykkishólms í Stykkishólmskirkju kl. 11:10.
11. Einnig þennan sama föstudag verður opnaður seinni hluti sýningarinnar „Veðrun og viðsnúningur“ í Norska húsinu. Sýningin er á vegum valhóps 8. – 10. bekkjar í myndlist.
12. Í desember verða ýmsir hefðbundnir liðir á dagskrá. Jólaföndur foreldrafélagsins verður 1. og 2. desember kl. 18:00. Kirkjuferð með leik- og tónlistarskóla 9. desember og litlu jólin 18. desember.

13. Við ætlum líka að brydda upp á nýjungum og fara í útikennslustofuna okkar
14. desember. Þar er ætlunin að drekka kakó og borða smákökur sem bakaðar
verða í heimilisfræði í desember.

Berglind Axelsdóttir

Skólastjóri

HH spyr um valáfanga hjá Agnesi H. Sigurðardóttur, sem er tómstunda- og félagsfræði. Í þessu er m.a. jafningjafræðsla um ýmis málefni er snerta unglinga. Hópurinn er núna að undirbúa góðgerðaviku. (8., 9., 10. Bekkur, valáfangi). Námskeiðið virðist hafa höfðað til breiðs hóps, 20 nemendur eru í námskeiðinu.

Einnig var spurt um skólastefnu og stöðu mála við fyrirhugaðar viðbyggingar við skólann.

Næsti fundur verður í janúar 2016.

Fundi slitið 17:53

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, (sign),

Ásmundur Guðmundsson fulltrúi, (sign),

Jón Einar Jónsson fulltrúi, (sign),

Magda Kulinska fulltrúi, (sign).

Skólastjórar og trúnaðarmenn

Berglind Axelsdóttir (aðstoðarskólameistari GSS, skólastjóri í fjarveru Gunnars Svanlaugssonar), (sign),

Sigrún Þorsteinsdóttir (skólastjóri LSS), (sign),

Steinn Ingibjörg Magnúsdóttir (fulltrúi starfsfólks GSS), (sign),

Sólbjört Gestsdóttir (fulltrúi starfsfólks LSS), (sign).

Áheyrnarfulltrúar foreldrafélaga:

María Jónasdóttir “Mæsa” fulltrúi foreldra LSS, (sign)

Lára Björg Björgvinsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskólans, (sign).